

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 11. september 2019
UST201908-275/A.B.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Rafstrengur – Þórsmörk. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Ráðger er að leggja 3,9 km langan jarðstreng í jörðu milli Húsadals, Langadals og Bása í Þórsmörk. Gert er ráð fyrir að unnt verði að plægja strenginn niður stærstan hluta leiðarinnar. RARIK hefur valið strengleið í samráði við Skógrækt ríkisins og fulltrúa frá Ferðafélagi Íslands.

Þórsmörk er á náttúruminjasrá og er verndargildi svæðisins talið vera: „*Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði.*“

Þar sem jarðstrengir eru plægðir niður hverfur plógfur venjulega að 2-3 árum liðnum. Hér er ætlunin að plægja að hluta í skóglendi þar sem leið hefur verið valinn í samráði við starfsmann Skógræktarinnar. Þar sem trjám verður raskað verður frágangur og endurheimt í samráði við Skógræktina og er talið að plógfarið verði horfið í skóg að 15-20 árum liðnum. En í skóglendi verður sáð rýgresi í röskuð svæði.

Ári eftir að framkvæmdum lýkur verður farið yfir svæðið til að sannreyna að frágangur hafi verið fullnægjandi og að það sem aflaga hefur farið verði lagfært.


Hér er um að ræða framkvæmd á vinsælum ferðamannastað sem auka mun öryggi og þægindi í skálum á svæðinu. Framkvæmdin er talin afturkræf og mun auka sjálfbærni svæðisins þar sem ekki verður þörf fyrir olfu og gas í skálum.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki rýra verndargildi svæðisins og að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri